

81

10. apríl

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrir- mæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

82

10. apríl

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóðinn í Keflavík.

Gerð á fundi stofnenda sjóðsins í Keflavík 7. nóv. 1907, með innfærðum breyting- um, gerðum af ábyrgðarmönnum sjóðsins 28. marz 1942 og 3. apríl 1943.

I. Ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins eru 20, búsettir í Gullbringusýslu.

2. gr.

Sérhver ábyrgðarmaður skuldbindur sig skriflega til að ábyrgjast skil af hendi sjóðsins með allt að kr. 150.00 framlagi hver, ef með þarf og sjóðinn brestur.

3. gr.

Verði ábyrgðarmenn færri en 20, skulu þeir, sem eftir eru, útvega nýja ábyrgðarmenn í stað þeirra, er úr hafa gengið.

4. gr.

82

10. apríl

Stjórnendur sjóðsins skulu vera þrír, og kjósa ábyrgðarmenn tvo þeirra á aðalfundi hlutbundinni kosningu, ef óskað er. Skulu þeir kosnir til tveggja ára. (Þriðji stjórnandinn er kosinn af sýslunefnd.) Stjórnin skiptir með sér verkum, og kys úr sínum hópi formann og gjaldkera. Gjaldkeri setur tryggingu fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir.

5. gr.

Ábyrgðarmenn halda með sér aðalfund í Keflavík eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Skal þar fram lagður reikningur síðasta árs og gerðar þær ákvarðanir, er ástand sjóðsins útheimtir. Aukafundir eru haldnir, ef formanni þykir þurfa eða helft ábyrgðarmanna óskar. Úrslitum mála á fundum ræður meiri hluti greiddra atkvæða. Þó þurfa $\frac{2}{3}$ allra ábyrgðarmanna að vera á einu máli, ef breyta skal samþykkt þessari.

6. gr.

Endurskoðendur sjóðsins athuga hinn framlagða reikning og allan hag sjóðsins og votta, hvort honum sé stjórnað samkvæmt settum reglum.

7. gr.

Heimilt er hverjum að sjá reikning sinn í bókum sjóðsins. Ágrip af reikningnum sé birt á prenti ár hvert.

8. gr.

Starfsstofa sjóðsins skal vera opin hvern rúmhelgan dag kl. 2 til 4 eftir hádegi. En heimilt er stjórninni að ákveða síðar, ef þörf gerist, fleiri afgreiðslutíma eða breyta um afgreiðslutíma.

9. gr.

Bækur sjóðsins skal færa þannig, að ætíð sé auðvelt að sjá, hvernig fé hans er tryggt og hvernig högum hans er háttað að öllu leyti.

II. Innlög í sjóðinn.

10. gr.

Hver, sem leggur í sjóðinn, fær viðskiptabók við hann, og greiðir fyrir 1 kr. Glatist bókin, skal með fara samkvæmt 11. gr. laga nr. 69 1941.

11. gr.

Innlag í sjóðinn er tekið ekki minna en 1 kr. í hvert sinn.

12. gr.

Neita má viðtöku á fé í sjóðinn eða gera að skilyrði, að það standi óhreyft í ár, ef stjórn þykir þurfa og sérlegar ástæður eru til.

13. gr.

Um eign manna í sjóðnum skal óviðriðnum ekki sagt.

III. Vextir.

14. gr.

Af fé, sem lagt er í sjóðinn, greiðir hann sömu vexti og Landsbanki Íslands. Vextir greiðast ekki af minni upphæð en 5 kr., og reiknast fyrst um sinn frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að inn er lagt til fyrsta dags í þeim mánuði, sem út er tekið. Vextir greiðast ekki í minni pörtum en heilum eyri.

10. apríl Gjalddagi er 31. desember. Séu vextir ekki teknir í gjalddaga, leggjast þeir við höfuðstól sem innstæða.

IV. Uppsagnir o. fl.

16. gr.

Uppsögn fer fram munnlega á skrifstofu sjóðsins og skal innfærð í þar til ætlaða bók, ef ekki er þegar greitt.

17. gr.

Eigi er skylt að greiða neina upphæð með minni fyrirvara en mánaðar, 200 til 500 krónur með þriggja mánaða og stærri upphæðir með missiris fyrirvara.

18. gr.

Eftir gjalddaga eru eigi vextir greiddir af fé, sem upp er sagt, og eigi skylt að greiða vexti frá þeim degi, sem borgun er boðin.

19. gr.

Sjóðurinn getur sagt upp innstæðufé í gjalddaga með þriggja mánaða fyrirvara og greiðir eigi vexti af því lengur en til gjalddaga.

20. gr.

Eigandi innstæðu getur áskilið, að sýna skuli skirteini við úttekt úr sjóðnum, ef hann sjálfur hirðir eigi fé sitt.

21. gr.

Sé öll innstæða tekin úr viðskiptabók, heldur sjóðurinn bókinni.

22. gr.

Ef höfuðstóls og vaxta af innstæðu er ekki vitjað í 15 ár, skal eiganda stefnt með auglýsingu í blaði, sem birtir stjórnarauglýsingar, til að ráðstafa fénu innan sex mánaða. Geri hann það eigi, er allt féð eign sjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára.

23. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins ákveða laun stjórnar og starfsmanna sjóðsins og endurskoðenda.

24. gr.

Ágóði sjóðsins leggst í varasjóð. Til að ráðstafa þeim sjóði skulu $\frac{2}{3}$ ábyrgðarmanna sjóðsins vera á einu máli, og má aðeins ráðstafa honum til almenningsþarfa eða almennra fyrirtækja innan Gullbringusýslu, að fengnu samþykki viðkomandi ráðuneytis.

V. Útlán.

25. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta með því að lána það gegn veði eða áreiðanlegri ábyrgð eða á hvern annan hátt, er allir stjórnendur sjóðsins álíta fulltryggan og samræmanlegt er við lög um sparisjóði nr. 69 1941. Gegn ábyrgð sé venjulega lánað aðeins eitt ár í senn.

26. gr.

82

Stjórnendur sjóðsins mega hvorki taka né ábyrgjast lán úr honum.

10. apríl

27. gr.

Vextir skulu greiðast fyrir fram. Séu þeir eigi greiddir í gjalddaga, skal umfram áskilda vexti greiða 1 prósent um árið, unz lokið er, og séu þeir eigi greiddir innan árs, skal ganga að veði eða ábyrgð og fyrri, ef stjórn sjóðsins þykir það nauðsynlegt.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. apríl 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

83

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar,
nr. 15 13. janúar 1941.

12. apríl

1. gr.

Í 3. gr. Í stað „1½ af þúsundi“ komi: 2,5 af þúsundi fasteignamatsverðs.

2. gr.

Í 4. gr. a. Í stað „kr. 2,50 smál.“ komi: kr. 3,50 smál.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

84

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar,
nr. 25 12. apríl 1933.

12. apríl

1. gr.

1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 13. gr. og orðist svo:
Meðan vísitalan er hærri en 130 skal innheimta allar tekjur vatnsveitunnar með dýrtíðaralági, er nemi 1% fyrir hver 3 stig, sem vísitalan er yfir 100.